

Hrunamannahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Akurgerði 6
845 Flúðir

Reykjavík, 24. janúar 2024
UST202312-235/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Kerlingarfjöll - Landvarðaskáli - Hrunamannahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir landvarðaskála í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið gerir ráð fyrir allt að 150 m² skálahúsi á allt að tveimur hæðum, aðkomu, bílastæðum og hreinsivirki. Einnig kemur fram að mænishæð er allt að 7 m, efnisval byggingar skal vera vandað og leitast við að hafa umhverfisvæn byggingarefni og byggingar verða felldar sem best að landi með hönnun þeirra og efnisvali. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri